



SKÝRSLA STJÓRNAR GKS 2014



Það má segja að golfsumarið 2014 hafi ekki byrjað á svipuðum nótum og síðasta sumar, völluminn var blautur og ekki hægt að byrja að spila fyrr en í byrjun júní og voru flestar flatir vallarins meira og minna ónýtar af kalsárum. Gríðarleg vinna fór í að tæta upp, sandbera og sá í allar flatir. Útbúnar voru vetrarflatir til að gera völluminn leikfæran, ekki var þó hægt að byrja keppni fyrr en 11. júní. Á dagskrá sumarsins voru 21 mót en fresta -eða fella þurfti niður 2 mót bæði vegna vallaraðstæðna og veðurs, stærsta mótið sem féll niður síðasta sumar var Tunnumótið. Rauðkumótaröðin var að vanda mjög vegleg, 10 mót voru haldin á miðvikudagskvöldum í sumar og veitti Rauðka glæsileg verðlaun fyrir 3 fyrstu sætin í hverju móti, sigurvegari mótaráðarinnar þ.e. stigameistari sumarsins varð Arnar Freyr Þrastarson.

Að vanda var fjölmennasta mót sumarsins, Sigló –open um verslunarmannahelgina, 35 voru skráðir til leiks í blíðu veðri, aðal- styrktaraðili mótsins er Aðalbakarinn ehf.

Meistaramót fór fram helgina 11.-12. júlí úrslit urðu eftirfarandi:

1. Flokkur karla

1. Þorsteinn Jóhannsson
2. Ingvar Kr. Hreinsson
3. Sævar Örn Kárason

2. Flokkur karla

1. Arnar Freyr Þrastarson
2. Ólafur Þór Ólafsson
3. Þröstur Ingólfsson

1. Flokkur kvenna

1. Hulda Guðveig Magnúsardóttir
2. Jósefína Benediksdóttir
3. Ólína Þórey Guðjónsdóttir

Siglfirðingamótið var haldið á Akranesi 24. ágúst í þokkalegu veðri þátttakendur voru milli 60 og 70 ,þetta er í fjórða sinn sem mótið er haldið og verður vonandi fastur liður í mótaskránni. Veg og vanda af þessu móti höfðu þeir félagar Jói Möller, Kári Arnar og Bjössi Biddu þetta var frábært mót hjá þeim félögum og verðlaun glæðileg. Stjórn GKS vill koma á framfæri kæru þakklæti til skipuleggjenda.

Framkvæmdum við nýja golfvöllinn miðar vel ,þó er fyrir séð að hann opnar ekki fyrr en á haustmánuðum 2016. Nú er búið að sá í allar flatir vallarins og tengja sjálfvirkt vökvunarkerfi . Þá er nánast búið að móta allar brautir og teiga en aðeins er búið að sá í eina braut , þ.e. þá fyrstu. Sumarið 2015 og 2016 tekur við uppgræðsla og frágangur ásamt brúarsmíði ofl.

Golfarar binda miklar vonir við hinn nýja völl, hann mun gjörbreyta allri aðstöðu til golfiðkunar í sveitarfélaginu og verða mikil lyftistöng fyrir ferðaþjónustu og afþreyingu á svæðinu.

Í sumar fjárfesti golfklúbburinn í nýjum búnaði til golfkennslu og kynningar, um er að ræða nýtt kennslukerfi sem ætlað er fólki á öllum aldri og af hvað getustigum sem er. Kerfið hentar báðum kynjum , börnum, fullorðnum og öldruðum. Kerfið sem nefnist SNAG (Starting New at Golf) má setja upp hvort sem er inni eða úti. Félagi okkar Arnar Freyr fór á námskeið hjá söluaðila búnaðarins og útskrifaðist sem SNAG-leiðbeinandi. Eitt námskeið var haldið í sumar og tókst mjög vel.

Golfklúbburinn vill þakkar þeim fjölmörgu styrktaraðilum sem haldið hafa tryggð við hann í gegnum tíðina og hlakka til frekari samstarfs.

Ingvar Kr. Hreinsson

Formaður GKS

ÁRSREIKNINGUR 2014

01.01.14-31.12.14



Aðalfundur 21. apríl 2014

GOLFKLÚBBUR SIGLUFJARÐAR - REKSTRARREIKNINGUR 2014

REKSTUR

REKSTRARTEKJUR

	Tekjur
11000 Framlög og styrkir.....	1.800.000,00
11000 Framlög og styrkir v/unglingastarfs.....	0,00
11100 Framlög Íþróttasamb. Ísl.....	256.006,00
15000 Tekjur af mótum.....	498.500,00
21100 Vallargjöld.....	166.800,00
22000 Aðrar tekjur.....	224.173,00
22100 Félagsgjöld.....	972.500,00
22150 Félagsgjöld unglunga.....	0,00
Samtals rekstrartekjur.....	<u>3.917.979,00</u>

REKSTRARGJÖLD

	Gjöld	
34000 Umsjón golfvallar rekstur og framkvæmdir.....	2.505.582,00	
37000 Áhöld og tæki.....	877.622,00	
40000 Þátttaka í mótum.....	0,00	
45100 Verðlaun.....	368.777,00	
45150 Verðlaun unglunga.....	0,00	
53000 Rekstur skrifstofu.....	545.399,00	
56000 Kynning, fræðsla og útbreiðsla.....	3.000,00	
56000 Kynning, fræðsla og útbreiðsla v/unglinga.....	0,00	
58000 Námskeið.....	60.794,00	
59000 Gjald til GSÍ v/fullorðinna.....	202.100,00	
59050 Gjald til GSÍ v/unglinga.....	0,00	
62000 Kostnaður v/vörusölu.....	120.323,00	
65000 Önnur gjöld.....	63.870,00	
65050 Önnur gjöld unglunga.....	0,00	
70000 Annar kostnaður.....	0,00	
Samtals rekstrargjöld.....	<u>4.747.467,00</u>	
Tap án fjármagnsliða		<u>829.488,00</u>
76000 Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur.....		29.434,00
Vaxtagjöld.....	8.613,00	
Samtals fjármagnsliðir.....	<u>20.821,00</u>	
Tap tímabilsins.....	<u>0,00</u>	<u>808.667,00</u>

GOLFKLÚBBUR SIGLUFJARÐAR - EFNAHAGSREIKNINGUR 2014

EIGNIR

FASTAFJÁRMUNIR	31.12.2014	31.12.2013
Varanlegir rekstrarfjármunir.....		
Bífreið Suzuki Jimny JLX YH223.....	75.000,00	75.000,00
Sláttuvél Husqvarna.....	153.644,00	153.644,00
Samtals varanlegir rekstrarfjármunir	<u>228.644,00</u>	<u>228.644,00</u>
VELTUFJÁRMUNIR		
Handbært fé.....		
88100 Sparisjóður 102090.....	1.356.776,00	1.399.743,00
88200 Sparisjóður 3402.....	22.045,00	22.027,00
88300 Sparisjóður 100249.....	6.464,00	6.375,00
88400 Sjóður.....	0,00	0,00
Samtals handbært fé	<u>1.385.285,00</u>	<u>1.428.145,00</u>
Vörubirgðir.....		
Vörubirgðir.....	50.000,00	50.000,00
Samtals vörubirgðir	<u>50.000,00</u>	<u>50.000,00</u>
Skammtímaskröfur		
Félagsgjöld.....	0,00	0,00
Ýmsar kröfur.....	0,00	0,00
Samtals skammtímaskröfur	<u>0,00</u>	<u>0,00</u>
EIGNIR SAMTALS	<u>1.663.929,00</u>	<u>1.706.789,00</u>

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

SKAMMTÍMASKULDIR	31.12.2014	31.12.2013
Aðrar skuldir.....	0,00	34.300,00
Samtals skammtímaskuldir	<u>0,00</u>	<u>34.300,00</u>
EIGIÐ FÉ		
91100 Óráðstafað eigið fé.....	1.672.489,00	1.727.354,00
Vinnuframlag sjálboðaliða.....	800.000,00	200.000,00
91300 Hagnaður/Tap ársins.....	-808.667,00	-304.865,00
Samtals eigið fé	<u>1.663.822,00</u>	<u>1.622.489,00</u>
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS	<u>1.663.822,00</u>	<u>1.656.789,00</u>

GOLFKLÚBBUR SIGLUFJARÐAR - ÁRITUN SKOÐUNARMANNA 2014

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn félagsins höfum yfirfarið ársreikning Golfklúbbs Siglufjarðar og leggjum til að hann verði samþykktur.

Siglufirði 15. apríl 2014

Arnar F. Þrastarson
Arnar Freyr Þrastarson

Hanna Björnsdóttir
Hanna Björnsdóttir

Reikningur framlagður af gjaldkera Golfklúbbs Siglufjarðar, Huldu Magnúsdóttur

Hulda Magnúsdóttir
Hulda Magnúsdóttir